

REGLUGERÐ

2

2. jan.

um breyting á reglugerð, útg. 2. ágúst 1941, staðfestri 12. ágúst sama árs, fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

1. gr.

Við 5. gr. Í stað vaxtaákvæðisins „4½%“ í upphafi greinarinnar, komi: 4%.

2. gr.

Við 16. gr. Í stað vaxtaákvæðisins „4½%“ í síðari málsgrein, komi: 4%.

Reykjavík, 31. desember 1941.

STJÓRN LANDSBANKA ÍSLANDS

Vilhjálmur Þór. Magnús Sigurðsson.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. janúar 1942.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

3

17. jan.

um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. desember 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég hér með samkvæmt tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði:

Auk þeirra mála, sem samkvæmt konungsúrskurði frá 29. des. 1924, heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra, fer forsætisráðherra með landbúnaðarmál.

Af málum þeim, sem heyra undir forsætisráðherra, fer ráðherra Ólafur Thors með utanríkismál.

Af málum þeim, sem heyrt hafa undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, fer ráðherra Ólafur Thors með sjávarútvegsmál, önnur en sildarútvegsmál, siglingamál, önnur en strandferðamál, vegamál, sem og önnur mál, er að undanfögnu hafa heyrt undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, og ekki eru með úrskurði þessum lögð undir aðra ráðherra.

Af málum, sem heyra undir fjármálaráðherra, fer ráðherra Jakob Möller með öll mál önnur en bankamál og gjaldeyrismál, og enn fremur með iðnaðarmál, sveitarstjórnarmál (þar undir fátækramál og atvinnubótafé).

3 Ráðherra Eysteinn Jónsson fer með bankamál, gjaldeyrismál, verzlunarmál (þar
17. jan. undir útflutningsnefnd), sildarútvegsfél (þar undir sildarverksmiðjur ríkisins og
sildarútvegsnefnd), póst- og símamál, strandferðir, vitamál, hafnarmál og trygg-
ingarmál.

Gjört í Reykjavík, 17. janúar 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

4
17. jan.

RÍKISSTJÓRABRÉF

um breytingu á konungsbréfi 3. júlí 1921, um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Með lögum 16. júní 1941, um ríkisstjóra Íslands, var ríkisstjóra
falið vald það, sem konungi er falið í stjórnarskránni.

Tel ég því eðlilegt, að ríkisstjóri Íslands fari, á meðan sú skipun stendur,
og með störf þau og vald það, sem konungi er veitt í konungsbréfi 3. júlí 1921,
um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu.

Forsætisráðherra skipar mann í orðunefndina í stað konungsrítara, og er
hann jafnframt orðuritari.

Gjört í Reykjavík, 17. janúar 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

5
17. jan.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um frestun bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ráðherra sá, sem fer með sveitarstjórnarmál, hefur tjáð mér það,
sem hér fer á eftir:

Í Reykjavík er vinnustöðvun í prentsmiðjum, svo að einungis blöð eins
stjórnmalaflokks geta komið út með venjulegum hætti. Nú er það eitt af
grundvallaratriðum í stjórnarferli landsins, að eigi séu óeðlilegar hömlur á
því, að menn geti látið í ljós skoðanir sínar og að almenningur eigi á þann
veg þess kost að fylgjast með þeim atburðum, er gerast, og kynnast frjálsri
túlkun þeirra. Þar sem komið hefur verið í veg fyrir, að svo geti orðið í Reykja-
vík, leiðir þar af, að á meðan svo stendur, getur ekki talizt réttmætt að fram-
fari almennar kosningar í bænum. Telur ríkisstjórnin því, að fresta beri bæj-
arstjórnarkosningum þeim, sem áttu fram að fara 25. janúar n. k., þar til hæfi-
legum tíma eftir að lýkur því óeðlilega ástandi, sem nú ríkir.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög
samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa
út bráðabirgðalög á þessa leið: